

## GJALDSKRÁ fyrir fráveitu Vopnafjarðarhrepps.

1.gr.

*Árlegt fráveitugjald.*

Af öllum fasteignum í Vopnafjarðarhreppi, sem liggja við vegi eða að opnu svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til Vopnafjarðarhrepps.

Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,32% af heildarfasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og hreppsnefnd ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða bera ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

2.gr.

*Þjónustugjald.*

Fyrir hverja fasteign innan marka Vopnafjarðarhrepps með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsaferfi í eigu Vopnafjarðarhrepps, skal greiða árlegt þjónustugjald. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eigna- eða notkunarskiptingu á þrónni.

3.gr.

*Gjaldskrá þjónustugjalds.*

Þjónustugjald samkvæmt 2. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

*Stærð rotþróar í líturum Þjónustugjald*

< 3.500 lítrar 21.003 kr.

3.500 – 5.500 lítrar 31.625 kr.

5.500 – 8.000 lítrar 40.700kr.

>8.000 lítrar 40.700 kr.

auk. pr. viðbótar rúmmetra 6.566 kr.

Tímagjald hreinsibíls á klst. 14.450kr.

Förgunargjald er samkvæmt verðskrá fyrir urðun sorps hjá Vopnafjarðarhreppi.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi

fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu. Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 2.535 kr. að 50 metrum en 7.605 kr. eftir það. Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en 15.000 kr. af hverri húseign. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 1. mgr., fyrir tíma umfram tveggja klst. vinnu- og aksturstíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.

## 4. gr.

*Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds.*

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. og 3. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mann-virkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfarar-veði.

## 5. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Vopnafjarðar-hrepps og skráðar eru í fasteignarmat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

5.1. Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð  $\leq$  150 mm 120.796 kr.

5.2. Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð  $>$  150 mm 241.592 kr.

## 6. gr.

*Vísitölubreytingar og gildistaka.*

Gjöld skv. 3. og 5. gr. gjaldskrár þessarar taka breytingum árlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í desember ár hvert. Grunnvísitala er 146,4 stig í desember 2019. Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir fráveitu Vopnafjarðarhrepps nr. 1090/2013.

*Samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, 11. desember 2019.*

**Þór Steinarsson** sveitarstjóri.